

STARFSÁÆTLUN KÁRSNESSKÓLA 2024 – 2025

Björg Baldursdóttir og Sigrún Valdimarsdóttir

Skjal sótt af '000000000000' dags: 19.08 2026

Efnisyfirlit

Formáli	3
Um Kársnesskóla.....	3
Hlutverk og gildi Kársnesskóla	5
Vinahóll – frístund Kársnesskóla	5
1. Stjórnskipulag skólans og skipurit	6
1.1 Stjórnun skólans	6
1.3 Starfsmenn Kársnesskóla 2024 - 2025	6
2. Skóladagatal og skýringar á útfærslu skólans	9
3. Tilhögun kennslu.....	11
3.1 Áherslur í kennslu	11
3.2 Kennsluáætlanir.....	13
3.3 Námsmat.....	14
3.4 Heimanámsstefna Kársnesskóla	14
3.5 Stoðþjónusta	14
3.6 Skimunarpróf.....	15
4. Starfsáætlun nemenda	16
4.1 Stundaskrár nemenda	16
4.2 Foreldraviðtöl	17
4.3 Helstu viðburðir skólaársins	17
5. Val nemenda í 7. - 10. bekk	18
5.1 Valgreinar.....	18
5.2 Samstarf við aðra skóla	18
6. Skólabragur og skólareglur	21
6.1 Skólabragur	21
6.2 Gildi og skólareglur Kársnesskóla	22
6.3 Ferli vegna brota á skólareglum Kársnesskóla.....	23
6.4 Viðbrögð við ófullnægjandi skólasókn	24
7. Skólaráð, foreldrafélag og nemendaráð	25
7.1 Skólaráð.....	25
7.2 Foreldrafélag	25
7.3 Bekkjarfulltrúar og nemendaráð.....	25
7.4 Teymi, nefndir og ráð.....	26

7.5 Fundir	27
8. Foreldrasamstarf.....	27
9. Innra mat	28
9.1 Niðurstöður nemendakönnunar	29
9.2 Umbótaáætlun fyrir skólaárið 2024 – 2025.....	29
10. Upplýsingar um stoðþjónustu.....	33
10.1 Talmeinafræðingur	33
10.2 Sálfræðingur	33
10.3 Skólaheilsugæsla	33
10.4 Námsráðgjafi	33
10.5 Þjónusta frá Menntasviði.....	34
11. Tómsundastarf og félagslíf.....	34
11.1 Félagsmiðstöðin EKKÓ	34
11.2 Félagslíf á vegum skólans	34
11.3 Skólabúðir	35
12. Starfspróun	35
13. Viðbragðsáætlanir	36
14. Skólaakstur/skólamáltíðir.....	36
14.1 Skólaakstur	36
14.2 Skólamáltíðir	36
15. Undirritun starfsáætlunar.....	38
Fylgiskjöl.....	39
Fylgiskjal 1 – Innra mat skólans	39

Formáli

Um Kársnesskóla

Kársnesskóli og Þinghólsskóli voru sameinaðir í Kársnesskóla árið 2001 og nú hefur Kársnesskóli sitt 23. og jafnframt síðasta starfsár, en skólanum verður skipt upp í tvo sjálfstæða skóla í ágúst 2025. Þá verður 1. – 4. bekkur í Skólagerði ásamt leikskólabörnum og við Vallargerði verða 5. – 10. bekkur.

Við upphaf skólaárs eru 670 nemendur í 10 árgöngum og þar af telja sjö árgangar eina stóra bekkjardeild þar sem hverri þeirra er skipt upp í 3 og 4 hópa. Starfsmenn eru 120, þar af eru kennarar 60 talsins.

Starfsemi skólans er á þremur stöðum:

- v/Vallargerði: í aðalbyggingu eru 1. og 2. bekkur og 8. – 10. bekkir. Í lausum kennslustofum eru 3. – 7. bekkir. Frístund er jafnframt með aðstöðu í lausum kennslustofum á vellinum.
- v/Holtagerði er íþróttahús.
- v/Borgarholtsbraut er Sundlaug Kópavogs og Reebok fyrir sund- og íþróttakennslu auk þess sem nemendahópar fara í Fagralund og Smárann í íþróttir.

Skólabyggingin er opin frá kl. 7:45 alla morgna og lausar kennslustofur frá kl. 8:00.

Opnunartími skrifstofu skólans er mánudaga – fimmtudaga kl. 7:45 – 15:30

og föstudaga 7:45 – 14:30.

Ritarar eru Elísabet Sverrisdóttir og Guðbjörg Blöndal.

Símanúmer skólans er 441- 4600.

Netfang ritara er ritari.kars@kopavogur.is

Upplýsingaveitur skólans

[Heimasíða](#) skólans geymir helstu upplýsingar um skólastarfið og fréttir af því, s.s.

skólanámskrá, kennsluáætlanir og aðrar áætlanir, upplýsingar um stoðþjónustu, skólareglur og fleira.

[Facebooksíða](#) skólans er sá vettvangur sem færir fréttir úr daglegu starfi skólans.

Skólastjórnendur eru ábyrgðaraðilar fyrir heimsíðu og Facebooksíðu.

[InfoMentor](#) er upplýsinga- og skráningarkerfi fyrir kennara, nemendur og foreldra. Þar skrá kennarar ástundun, heimanám og námsmat, setja inn vikupósta og boða til foreldraviðtala. Þar geta nemendur og foreldrar/forráðamenn fylgst með skólasókn og námsframvindu auk þess sem foreldrar geta skráð inn veikindi barna og leyfi fyrir stakar kennslustundir.

Vikupóstur kennara til foreldra er birtur á InfoMentor, undir *Upplýsingaveita*.

Tölvupóstur er töluvert notaður í samskiptum heimila og skóla og því mikilvægt að netföng forráðamanna inn á InfoMentor séu rétt. Forráðamenn geta sjálfir breytt upplýsingum um netföng og símanúmer inn á InfoMentor. Kennarar svara tölvupóstum eins fljótt og kostur er innan vinnutíma á virkum dögum.

Fréttabréf starfsmanna kallast Vikufréttir og er gefið út á föstudögum. Þar er farið yfir ýmsa dagskrárliði komandi viku og fleira úr skólastarfinu. Ritstjóri er aðstoðarskólastjóri.

Innri vefur skólans er fyrir starfsfólk og birtir forföll starfsmanna, matseðil og fleiri upplýsingar til starfsmanna.

Forföll og leyfi nemenda

Foreldrum/forráðamönnum ber að tilkynna forföll nemenda á skrifstofu skólans sem fyrst að morgni í gegnum síma en einnig er hægt að skrá veikindi í gegnum InfoMentor. Ef veikindi ná yfir fleiri en einn dag þarf að tilkynna um þau daglega.

Leyfisbeiðnir skulu berast frá foreldrum/forráðamönnum. Hægt er að skrá leyfi fyrir stakar kennslustundir í gegnum InfoMentor, t.d. vegna læknaheimsóknna og stuttra erinda á skólatíma. Leyfi fyrir einn dag eða fleiri skal sækja um á eyðublaði sem fæst hjá ritara eða í gegnum heimasíðu skólans: [umsókn um leyfi](#). Foreldrar/forráðamenn eru minntir á að þeir bera ábyrgð á að nemendur vinni upp það sem þeir kunna að missa úr námi meðan á leyfi stendur, sbr. 19. gr. laga um grunnskóla nr.91/2008.

Mötuneyti og nesti

Kársnesskóli er hnetulaus skóli

Skólinn býður upp á hafragraut frá kl. 7:50 alla morgna og eru nemendur hvattir til að koma og fá sér graut áður en skóli hefst. Nemendum í 8. – 10. bekk gefst jafnframt kostur á að fá ókeypis hafragraut í frímínútum kl. 9:30 á meðan birgðir endast.

Öllum nemendum gefst kostur á að borða hádegismat, fjölskyldum að kostnaðarlausu. Hádegismatur er matreiddur í eldhúsi skólans og tekur matseðillinn mið af leiðbeiningum Lýðheilsustofnunar um hollustu og næringu en hann má sjá á heimasíðu skólans. Foreldrar/forráðamenn verða að skrá nemendur í mat í gegnum [Vala.is](#) svo hægt sé að reikna út matarinnkaup og koma í veg fyrir matarsóun eins og kostur er.

Nemendur í 3. – 10. bekk skammta sér sjálfir mat og er það liður í að gera þá meðvitaða um eigin neyslu, skammtastærðir og matarsóun. Ein af grunnreglum skólans er að leggja áherslu á hollustu og nemendur eru hvattir til að koma með hollt og gott nesti í skólann. Sjoppa skólans selur unglingum brauð, drykk og ávexti í frímínútum á morgnana.

Námsgögn

Kópavogsbær sér öllum nemendum fyrir ritföngum auk þess sem nemendur í 5. – 10. bekk fá spjaldtölvu til afnota á meðan á skólagöngu þeirra stendur. Umgengnisreglur spjaldtölva eru útlistaðar í [handbókum](#) frá Spjaldtölvuteymi Kópavogs. Kópavogsbær útvegar nemendum í 1. – 4. bekk einnig aðgang að spjaldtölvum í námi á skólatíma.

Kársnesskóli sér nemendum fyrir námsbókum, bæði einnota og fjölnota bókum sem þeim ber að fara vel með.

Óskilamunir

Skólaliðar safna saman óskilamunum af göngum og úr stofum skólans. Þá er hægt að nálgast alla daga. Foreldrar/forráðamenn eru eindregið hvattir til að merkja eigur barna sinna rækilega og leita til skólans ef fatnaður eða aðrar eigur nemenda glatast. Óskilamunir eru færðir hjálparstofnunum á vorin þegar skóla lýkur.

Gæsla á skólalóð

Skólaliðar, stuðningsfulltrúar og kennarar annast gæslu á skólalóð í öllum frímínútum dagsins og að auki eru skólaliðar og kennarar nemendum til aðstoðar og leiðbeina þeim í matsal í hádegi. Nemendur í 1. og 2. bekk fá fylgd fullorðinna í sund og íþróttir.

Hlutverk og gildi Kársnesskóla

Gildi Kársnesskóla eru *virðing, þekking, ábyrgð og ánægja* (sjá nánar 6. kafla) og hefur starfsfólk það að meginmarkmiði að útskrifa ánægða og vel menntaða nemendur með sterka sjálfsmynd sem eru tilbúnir til að takast á við lífið.

Vinahóll – frístund Kársnesskóla

Forstöðukona er Natalia Irena Bronszewska og aðstoðarforstöðumaður er Snorri Sævar Konráðsson. Símanúmer Vinahóls er 441–4634 og netfangið er vinaholl@kopavogur.is

Vinahóll er opinn alla skóladaga frá lokum skóladags til kl. 16:30(að undanskildum tveimur skipulagsdögum). Í frístund eru í kringum 200 börn í 1. – 4. bekk. Forstöðukona er í 100% stöðuhlutfalli og aðrir starfsmenn eru í hlutastörfum. Frístund hefur starf í byrjun ágúst fyrir nemendur verðandi 1. bekkja og þann 25. ágúst fyrir eldri nemendur.

Börnin eru skráð inn í Vinahól við komu á daginn og fylgst er vel með hvar þau eru að leik og starfi uns þau eru skráð út við brottför. Vinahóll er til húsa í lausum kennslustofum í suðvestur horni Vallargerðisvallar. Vinahóll er í samstarfi við íþróttafélög Kópavogs um að koma börnum á íþróttaæfingar með frístundavögnum.

Áhersla er lögð á kurteisi, góða umgengni og uppbyggjandi samskipti fólks og er *Uppeldi til ábyrgðar* rauður þráður í öllu starfi þar. Einnig er frjálsi leikurinn og markviss útivist í fyrirrúmi. Daglegt skipulag Vinahóls má sjá á heimasíðu skólans. Foreldrar barna í Vinahóli geta séð fréttir úr daglegu starfi á lokaðri [Facebooksíðu](#).

Skráning í frístund

Skráning í frístund er í gegnum Vala.is. Skráning fyrir jólaopnun, páskaopnun, sumaropnun og viðbótardaga í júní sem og skipulagsdaga, foreldraviðtalsdaga og skerta daga er í gegnum [Völuna](#).


Foreldrar/forráðamenn geta skráð börn í frístundavagninn og tilkynnt forföll barna í Vinahól í gegnum [Völuna](#). Skráning í frístundaakstur fyrir haust 2024 fer fram í Sportabler (Gerpla og HK) og XPS (Breiðablik). Gjald fyrir frístundaakstur er 11.200 kr. fyrir alla vorönnina (eða um 2.000 kr. á mánuði). Foreldrar þurfa jafnframt að skrá börn sín í frístundavagn í Völunni svo að starfsfólk frístundar viti hvenær og í hvaða bíl börnin eigi að fara.

Frekari upplýsingar um starfsemi frístundar má finna í starfsáætlun Vinahóls.

1. Stjórnskipulag skólans og skipurit

1.1 Stjórnun skólans

- Björg Baldursdóttir skólastjóri 5. – 10. bekkjar: bjorgb@kopavogur.is
- Heimir Eyvindarson skólastjóri 1. – 4. bekkjar: heimir.eyvindarson@kopavogur.is
- Sigrún Valdimarsdóttir aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri í 8. - 10. bekk, sigrunv@kopavogur.is
- Dagmar Kjartansdóttir deildarstjóri í 1. – 4. bekk, dagmark@kopavogur.is
- Elísabet Gunnarsdóttir deildarstjóri í 5. – 7. bekk, elisabetg@kopavogur.is
- Díana Ívarsdóttir deildarstjóri stoðþjónustu, dianai@kopavogur.is
- Lára Valdís Kristjánsdóttir deildarstjóri upplýsingatækni, laravaldis@kopavogur.is



1.3 Starfsmenn Kársnesskóla 2024 - 2025

Við Kársnesskóla starfa 60 kennarar, aðrir starfsmenn eru 55 og stjórnendur eru sjö. Á listann vantar nokkra frístundarleiðbeinendur.

Adrianna Anna Bronszewska	Frístundarleiðbeinandi
Aðalheiður Arnbjörnsdóttir	Bókavörður
Aðalsteinn Kjartan Stefánsson	Umsjónarkennari í 2. bekk
Alicja Teresa Rosa	Skólaliði
Ana Djurovic	Skólaliði
Ana L S da Cunha Ferreira Maia	Skólaliði
Anna Katarzyna Bronszewska	Skólaliði
Anna Sigrún Ásmundsdóttir	Umsjónarkennari í 3. bekk
Anyá Hrund Shaddock	Frístundarleiðbeinandi
Arna Björg Kristmannsdóttir	Umsjónarkennari í 3. bekk
Arndís Oddfríður Jónsdóttir	Umsjónarkennari í 1. bekk

Aron Rafn Gissurarson	Aðstoðarforstöðumaður EKKÓ
Ágústa Gunnarsdóttir	Umsjónarkennari í 2. bekk
Álfheiður Björgvinsdóttir	Tónmenntakennari og kórstjóri
Árni Aðalsteinn Rúnarsson	Frístundarleiðbeinandi
Ása V Sigurðardóttir	Ísat kennari
Ásdís Rós Clark	Umsjónarkennari í 7. bekk
Ásthildur G. Guðlaugsdóttir	Náms- og starfsráðgjafi
Birgir Loftsson	Sérkennari
Birta Þöll Kristjánsdóttir	Umsjónarkennari í 1. bekk
Björg Baldursdóttir	Skólastjóri 5. - 10. bekkjar
Björk Varðardóttir	Íþróttakennari
Brynja Andreassen	Umsjónarkennari í 5. bekk
Chaiwe Sól Patiswa Drífud Langa	Ísat kennari
Cristiana Barros Dos Santos	Skólaliði
Dagmar Kjartansdóttir	Deildastj. yngsta stigs
Díana Ívarsdóttir	Deildarstjóri stoðþjónustu
Edda Lind Ágústsdóttir	Sérkennari á yngsta stigi
Edyta Stepniewska	Ísat kennari
Elísabet Gunnarsdóttir	Deildarstjóri miðstigs
Elísabet J Sverrisdóttir	Skólaritari
Elísabet Sveinsdóttir	Umsjónarkennari 7. bekk
Emily Dayanira Parrales Loo	Skólaliði
Erlendur Egilsson	Sálfræðingur
Erna Torfadóttir	Umsjónarkennari 3. bekk
Ester Höskuldsdóttir	Sérkennari á miðstigi
Eva Sigríður Smáradóttir	Stuðningsfulltrúi
Eva Zophaníasdóttir	Talmeinafræðingur
Fidajete Bujupi	Skólaliði
Guðbjörg Gylfadóttir Blöndal	Skólaritari
Guðbjörg Lóa Ólafsdóttir	Umsjónarkennari 4. bekk
Guðfinna Guðmundsdóttir	Heimilisfræðikennari
Guðjón Már Sveinsson	Umsjónarkennari 10. bekk
Guðni Páll Kárasón	Íþróttakennari
Guðný Svava Gestsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Guðrún Erla Jónsdóttir	Matráður
Guðrún Margrét A Jóhannsdóttir	Smíðakennari
Guðrún Ólafsdóttir	Bókasafnsfræðingur
Guðrún Pétursdóttir	Stuðningsfulltrúi
Gyða Guðmundsdóttir	Skólaliði
Gylfi Freyr Gröndal	Umsjónarkennari 8. bekk
Halla Jónsdóttir	Í leyfi
Halldóra Ágústsdóttir	Myndmenntakennari
Heimir Eyvindarson	Skólastjóri 1. - 4. bekkjar

Helga Ágústsdóttir	Í leyfi
Hrafnhildur Ó. A. Jespersen	Umsjónarkennari 2. bekk
Hugrún Ósk Hákonardóttir	Frístundarleiðbeinandi
Hulda G Pálsdóttir	Textílkennari
Ingi Tandri Traustason	Skákkennari í Vinahóli
Ingibjörg Gylfadóttir	Umsjónarkennari 4. bekk
Ingunn Jónsdóttir	Umsjónarkennari 6. bekk
Ingveldur V Kristmarsdóttir	Frístundarleiðbeinandi
Írena Birta Gísladóttir	Frístundarleiðbeinandi
Joanna Pruszyńska	Skólaliði
Jóhanna Aradóttir	Forstöðukona Ekkó
Jóhanna Pálsdóttir	Umsjónarkennari 9. bekk
Jón Árni Rúnarsson	Húsvörður
Jón Magnússon	Íþróttakennari
Karlis Coromoto Paris Leon	Skólaliði
Karólína Ósk A. Sigurlaugard.	Frístundarleiðbeinandi
Katrín Hauksdóttir	Forfallakennari
Kolfinna Bjarney Reynisdóttir	Frístundarleiðbeinandi
Kristinn Sverrisson	Umsjónarkennari 9. bekk
Kristín Lilja Jónsdóttir	Hjúkrunarfræðingur
Kristín Þorsteinsdóttir	Sérkennari á miðstigi
Kristrún Júlíusdóttir	Sérkennari á elsta stigi
Lára Valdís Kristjánsdóttir	Deildarstjóri UT
Lilja Björk Heiðarsdóttir	Umsjónarkennari 10. bekk
Linda Brá Hafsteinsdóttir	Umsjónarkennari 5. bekk
Magnea Sigurðardóttir	Í leyfi
María Moritz Sigurðardóttir	Sérkennari á elsta stigi
Mekkin Ragnarsdóttir	Forfallakennari
Natalia Irena Bronszewska	Forstöðukona Vinahóls
Natalia Mikhaylova	Skólaliði
P. Svala Guðmundsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Ragnheiður Gísladóttir	Umsjónarkennari 7. bekk
Ruth Ingólfssdóttir	Heimilisfræðikennari
Salka Hlín Jóhannsdóttir	Frístundarleiðbeinandi
Salóme Konráðsdóttir	Tungumálakennari
Sif Garðarsdóttir	Umsjónarkennari 8. bekk
Sigríður H. Pálsdóttir	Smíðakennari
Sigrún Eypórsdóttir	Umsjónarkennari 6. bekk
Sigrún Guðmundsdóttir	Myndmenntakennari
Sigrún Valdímarsdóttir	Aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri elsta sigs
Sigurbjörg Viðarsdóttir	Umsjónarkennari 1. bekk
Sigurjón Gíslason	Forfallakennari
Snezana Zeljkovic	Skólaliði

Snorri Sævar Konráðsson	Aðstoðarforstöðumaður Vinahóls
Sóley Ægisdóttir	Umsjónarkennari 4. bekk
Stefanía Rut Hansdóttir	Stundakennari
Steinunn Sara Arnardóttir	Umsjónarkennari 5. bekk
Svanhildur M. Ólafsdóttir	Umsjónarkennari 2. bekk
Sveinn Sævar Pálsson	Matráður
Sölvi Guðmundsson	Náttúrufræðikennari
Tinna Viðarsdóttir	Íþróttakennari
Torfi Guðbrandsson	Umsjónarkennari í 9. bekk
Unnur Magnúsdóttir	Umsjónarkennari í 3. bekk
Urszula Bukrewicz	Skólaliði
Vaka Dóra Róbertsdóttir	Umsjónarkennari 8. bekk
Valdís Arnarsdóttir	Umsjónarkennari 6. bekk
Vera M. B. Da Conceicao Santos	Skólaliði
Víðir Þórarinsson	Umsjónarkennari 10. bekk
Víkingur Óli Magnússon	Frístundarleiðbeinandi
Weronika Pruszyńska	Frístundarleiðbeinandi
Zofia Szymanska	Stuðningsfulltrúi
Þ. Bjarnís Þorbergsdóttir	Sérkennari á yngsta stigi
Þóra Marteinsdóttir	Tónmenntakennari

2. Skóladagatal og skýringar á útfærslu skólans

Skóladagatal Kársnesskóla 2024 – 2025 má nálgast á heimasíðu skólans. Það er unnið skv. lögum og reglugerðum. Skólastjórnendur gera drög að dagatali sem lagt er fyrir kennarafund og kennarar hafa ákveðinn tíma til að koma með breytingartillögur. Lokaútgáfa er lögð fyrir kennarafund og skólaráð til umsagnar og samþykktar.

Skóladagar nemenda eru 180 og þar utan eru sex skipulagsdagar að hausti og tveir að vori. Þá daga vinna kennarar að undirbúningi skólastarfsins og frágangi. Hér er nánari útlitun á skóladagatali:

15. – 22. ág	Skipulagsdagar - Starfsfólk vinnur að undirbúningi skólastarfsins.
23. ág	Skólasetning - Nemendur fá stundaskrár. Skertur skóladagur. Haustfundir á yngsta og miðstigi– Kennarar kynna foreldrum starf vetrarins.
26. ág	Kennsla hefst skv. stundaskrá. 1. bekkingar mæta í viðtöl til umsjónarkennara.
27. ág	Vinnu saman – námskeið fyrir foreldra 1. bekkinga.
2. – 6. sept	Haustfundir á elsta stigi– Kennarar kynna foreldrum starf vetrarins.
8. sept	Dagur læsis
9. – 12. sept	7. bekkur í Skólalabúðum UMFÍ á Reykjum.
16. sept	Dagur íslenskrar náttúru
26. sept	Evrópski tungumáladagurinn
4. okt	Skipulagsdagur. Opið í frístund 8 –16:30.

1. – 7. okt	Frammistöðumat - Nemendur og kennarar gera frammistöðumat.
9. okt	Foreldraviðtöl - Nemendur mæta ásamt foreldrum í skipulagða viðtalstíma. Skertur skóladagur nemenda. Opið í frístund kl. 8 – 16:30
14. – 18. okt	9. bekkur í skólabúðum í Vindáshlíð
22. - 23. okt	Þemadagar - Skertir skóladagar.
24. - 25. okt	Vetrarleyfi
8. nóv	Vináttuganga/baráttudagur gegn einelti
13. nóv	Skipulagsdagur í skóla og frístund.
16. nóv	Dagur íslenskrar tungu - Upphaf Stóru upplestrarkeppinnar í 7. bekk.
20. nóv	Dagur mannréttinda barna
1. des	Fullveldisdagur Íslands/Dagur íslenskrar tónlistar
2. des	Skólaþing
19. des	Jólaball EKKÓ og Kársnesskóla
20. des	Jólaskemmtanir. Opið í frístund til 16:30. Skertur skóladagur.
21. des - 3. jan	Jólaleyfi
3. jan	Skipulagsdagur. Opið í frístund kl. 8 – 16:30.
6. jan	Kennsla hefst skv. stundaskrá.
20. jan	Vorönn hefst – Valgreinaskipti á elsta stigi.
11. feb	Foreldraviðtöl – Nemendur stýra viðtölum í skipulögðum viðtalstíma. Skertur skóladagur. Opið í frístund kl. 8 – 16:30
24. - 25. feb	Vetrarleyfi
5. mars	Öskudagur – Skertur skóladagur. Opið í frístund frá skólalokum til kl. 16:30
12. mars	Skipulagsdagur í skóla og frístund.
14. mars	Dagur stærðfræðinnar
10. apríl	Árshátíð elsta stigs
11. apríl	Árshátíð yngsta- og miðstigs
14. – 21. apríl	Páskaleyfi Opið í frístund 14. – 16. mars
22. apr.	Kennsla hefst skv. stundaskrá.
24. apr.	Sumardagurinn fyrsti - Frídagur
26. apr.	Umhverfisdagur – vinabekkir vinna saman.
1. maí	Frídagur verkamanna
15. maí	Góðgerðardagur/vorhátíð
16. maí	Skipulagsdagur. Opið í frístund kl. 8 – 16:30.
29. maí	Uppstigningardagur - Frídagur
26. maí – 3. júní	10. bekkir vinna vorverkefni.
4. júní	Íþróttadagur miðstigs , útvíst hjá yngsta- og elsta stigi. 10.b kynnir vorverkefni.
5. júní	Íþróttadagur yngsta og elsta stigs , útvíst hjá miðstigi.
6. júní	Kársneshlaup - Útskrift 10. bekinga. Opið í frístund kl. 9 – 16:30. Skertur skóladagur
9. júní	Annar í hvítasunnu - Frídagur

10. júní	Skólaslit. Opið í frístund kl. 9 – 16:30. Skertur skóladagur.
11. – 12. júní	Skipulagsdagur - Starfsfólk vinnur að uppgjöri vetrarins.

3. Tilhögun kennslu

3.1 Áherslur í kennslu

Í Kársnesskóla er teymiskennsla í sjö af tíu árgöngum. Í öllum árgöngum er blöndun námshópa, s.s. í lotum, íþróttum og einstaka námsgreinum/verkefnum.

Stundatafla er unnin í samræmi við viðmiðunarstundaskrá í aðalnámskrá frá 2013. Kennt er eftir skólanámskrá sem byggir á aðalnámskrá grunnskóla og hana má sjá á heimasíðu skólans. Lögð er áhersla á sérstöðu skólans sem er syngjandi skóli með Skólakór Kársness í fararbroddi, söguaðferðin, útikennsla og þema á elsta stigi.

Teymiskennsla

Í teymiskennslu deila umsjónarkennarar árgangs ábyrgð á öllum nemendahópnum, undirbúningi og úrvinnslu kennslu, foreldrasamskiptum og öðrum verkefnum sem snúa að daglegu skólastarfi. Í kennslu er árgangi (bekk) reglulega skipt upp í hópa sem geta verið misstórir eftir námsgreinum og verkefnum og á þann hátt er auðveldara að mæta ólíkum þörfum nemenda.

Teymiskennsla felur í sér marga kosti og má þar m.a. nefna meiri sveigjanleika og fjölbreytni í verkefnum og kennsluháttum. Félags-, tilfinninga- og námsþarfir nemandans eru ræddir í teymi kennaranna sem að honum koma þar sem þeir þekkja allir nemandann vel. Þá tengjast nemendur fleiri kennurum (og kennarar nemendum) og hafa þannig fleiri fullorðna til að leita til varðandi ráðgjöf og aðstoð. Regluleg hópaskipti geta leitt til meiri samheldni innan nemendahópsins, eflir félagsfærni nemenda og þeir kynnast betur innbyrðis. Þá er námsmat oft samræmdara. Kostir teymiskennslu fyrir kennara er m.a. meiri samvinna, stuðningur, dreifðari ábyrgð og aukin verkskipting milli þeirra. Meiri líkur eru á fjölbreyttari kennsluháttum og verkefnum og mismunandi sýn á nemendur.

Syngjandi skóli

Kársnesskóli er syngjandi skóli. Þrjá daga vikunnar hefst skóladagurinn á yngsta stigi með samsöng á sal. Tónmennt er kennd einu sinni í viku í 40 mínútur í senn hjá öllum nemendum í 1. – 5. bekk, í lotum í 6. bekk og vali í 7. bekk, auk þess sem 3. – 7. bekkur syngur í kór aðrar 40 mínútur í viku. Engin tónmenntakennsla er á elsta stigi en nemendum gefst kostur á að vera í Skólakór Kársness.

Skólakór Kársness er 48 ára gamalt flaggskip skólans. Í honum syngja nemendur á elsta stigi og kórstjóri er Álfheiður B. Björgvinsdóttir. Kórarnir á miðstigi eru að jafnaði kynjaskiptir og syngja undir stjórn Álfheiðar. Litli kór, sem er 3. – 4. bekkur, syngur undir stjórn Álfheiðar og Þóru Marteinsdóttur.

Verkefni kóranna eru fjölbreytt og koma allir kórar fram bæði innan skóla og utan hans. Litli kór heimsækir heimilisfólk á Sunnuhlíð og fer hver hópur einu sinni á hvorri önn.

Skólakór Kársness og kórarnir í 5. bekk hafa þann sið að syngja jólalög í Kópavogskirkju á aðventunni í svokölluðum Jólasöngvum Kársness og í hugum margra Kársnessbúa er það einn mikilvægasti viðburður aðventunnar. Í nokkur ár hafa 6. og 7. bekkingar sungið með Jólagestum Björgvins rétt fyrir jólin. Allir kórar koma fram á Sönghátíð Kársness á vordögum og einnig erum við í samstarfi við Kópavogskirkju og hver hópur kemur a.m.k. einu sinni fram yfir veturinn í fjölskyldustund á sunnudegi. Þá er samstarf Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Skólakórsins viðamikil og fjölbreytt.

Söguaðferðin

Samfélagsfræði og náttúrufræði í 1. - 7. bekk byggir að stærstum hluta á söguaðferðinni, en ár hvert vinnur hver árgangur nokkra söguramma sem samþætta tvær eða fleiri námsgreinar.

Söguaðferðin er kennsluaðferð sem er notuð við þemavinnu. Nafnið er dregið af skipulaginu sem er eins og í sögu; ákveðnum byrjun, söguþráðurinn skiptist í kafla sem tengjast og síðan er ákveðinn endir. Þegar unnið er með söguaðferðinni er byrjað á að spyrja opinna spurninga til að finna út hvað nemendurnir vita, halda eða geta ímyndað sér. Þetta er oft gert með hugstormun. Tilgangurinn með þessu upphafi er að fá nemendur til að hugsa sig um, rifja upp eða að reyna að gera sér í hugarlund allt eftir þeirra reynslu og þekkingu. Að hugstormun lokinni hefjast nemendur handa við að búa til, ræða eða skrifa um svörin við opnu spurningunni. Loks fara nemendur og skoða/lesa heimildir og vinna verkefni samkvæmt sögurammanum. Vinnunni lýkur ávallt með sýningu sem nemendur og kennarar undirbúa og bjóða foreldrum og systkinum að sækja.

Útikennsla

Síðustu ár höfum við lagt stöðugt meiri áherslu á útikennslu og er hún meðal annars töflusett í lotum á yngsta stigi, en á öðrum stigum stýra kennarar hvenær slík kennsla fer fram. Í útikennslu fer nám fram í gegnum útiveru og leik. Hægt er að nýta umhverfið til kennslu í nánast öllum greinum og áhersla er lögð á tengsl við grenndarsamfélagið og upplifun sem reynir á öll skilningarvitin. Hér í Kársnesskóla búum við svo vel að hafa náttúruperlur allt um kring í göngufjarlægð; fjöruna, Borgarholt (kirkjuholtið), Ævintýraskóginn og Rútstún.

Helstu markmið útikennslu auk fjölbreyttra kennsluhátta, eru að nemendur kynnist sínu nánasta umhverfi, verði meðvitaðri um náttúruna, efla hnattræna sýn, t.d. með fræðslu um endurvinnslu og efla líkamlegt heilbrigði.

Þema á elsta stigi

Fimmtu hverju viku er stundaskrá brotin upp og í stað „hefðbundinna“ bóklegra kennslustunda vinna nemendur þemaverkefni í þeim tímum þar sem allar bóklegar námsgreinar liggja undir auk þess sem lykilhæfni vegur þungt. Alls verða sex þemavikur á skólaárinu, þrjár á hvorri önn.

Þemaverkefnin eru öll samin af kennurum á elsta stigi þar sem unnuð er út frá hugmyndafræði PBL (Project Based Learning/verkefnað nám) að hluta eða í heild. Í verkefnaðuðu námi eru 21. aldar færniþættir eins og gagnrýnin hugsun, lausnaleit, frumkvæði, ábyrgð og samvinna meginþæðir í verkefnum sem byggja á raunverulegum viðfangsefnum sem nemendur rannsaka og tengja við. Markmið með þema er að efla þessa

færniþætti og gera nemandann að virkum þátttakanda í samstarfi við aðra nemendur auk þess að efla nemendalýðræði sem gengur út á að nemendur hafi frelsi og val til ákvarðana um eigið nám innan marka námskrár.

Þemaverkefnið miðar öll að því að kveikja áhuga nemenda á náminu, efla metnað þeirra og ýta undir aukinn námsárangur. Þema gerir að auki kröfu um sjálfstæð vinnubrögð nemenda, sjálfstæð vinnubrögð, skapandi hugsun og nálgun bæði nemenda og kennara og loks samþættingu námsgreina.

Vorverkefni 10. bekkjar

Sú hefð hefur skapast að nemendur í 10. bekk vinna að vorverkefni síðustu daga grunnskólagöngunnar, ýmist í hópum eða einir og sér. Markmiðið er að nemendur velji sjálfir hvaða verkefni þeir vilja leysa af hendi og útfærsluna á því. Þeir hefja og enda skóladaginn hjá kennara og fara yfir verkefni dagsins, halda vefdagbók og skila afurð. Á lokadegi er foreldrum og 9. bekkjum boðið á kynningu þar sem hvert verkefni er kynnt og afurðin sýnd. Verkefni eru öllu jafna mjög fjölbreytt og hafa nemendur m.a. smíðað kassabíl, go-cart bíl og krossara, búið til og framleitt kerti, samið og búið til borðspil, hannað og smíðað skartgrip, fleka og fatamerki (logo), gefið út matreiðslubækur, samið og flutt tónverk, málað og sýnt myndlistarverk, staðið fyrir söfnun tilhanda ýmsum félögum og margt fleira.

Lestur og ritun

Unnið er eftir stefnu Kópavogsbæjar um Mál og lestur og læsisstefnu skólans en hún nær yfir lestraraðferðir, fjölbreyttar leiðir í kennslu auk þess að hafa ítarlega gátlista fyrir kennslu og námsmat. Á yngsta og miðstigi eru sérstakir læsistímar þar sem nemendum er skipt í misstóra hópar og unnið með fjölbreytt verkefni til að efla lestrarfærni og lesskilning. Þeir tímar eru í endurskoðun í vetur hjá læsisnefnd og umsjónarkennurum. Á elsta stigi hefur íslenskutímum verið fjölgað og fær 8. bekkur nú 7,5 kennslustund á viku í íslensku og 9. og 10. bekkur sex kennslustundir.

List- og verkgreinar

List- og verkgreinar eru kenndar í lotum í 1. - 8. bekk, í um 6 vikur í senn. Í vetur eru þessar greinar kenndar, en þó ekki allar í öllum árgöngum: hönnun og smíði, textill, myndlist, heimilisfræði, nýsköpun, leiklist, snilli, sund, útikennsla, vísindi og tónmennt. Allir nemendur í 1. - 5. bekk eru í tónmennt einu sinni í viku allan veturinn.

Í 9. og 10. bekk eru list- og verkgreinar kenndar sem bundnar valgreinar sem merkir að nemendur verða að hafa list- og verkgreinar að lágmarki helming valgreinatíma. Lista yfir þær greinar sem kenndar eru í vetur má sjá í kafla 5.1.

Í öllum árgöngum er lögð áhersla á fjölbreytta kennsluhætti og er tölvutækni nýtt á fjölbreyttan hátt með tilkomu spjaldtölva þar sem allir kennarar hafa lagst á eitt við að nýta þá tækni við kennsluna.

3.2 Kennsluáætlanir

Kennsluáætlanir eru birtar á heimasíðu skólans;

<https://karsnesskoli.is/namid/kennsluaaetlanir/>

Þar koma fram hæfniviðmið, leiðir, námsgögn og námsmat og ná þær allt frá nokkrum vikum upp í heila önn. Verkefni eru birt nemendum á Google Classroom og verkefnaskil/próf skráð á Infomentor.is fyrir nemendur og foreldra.

3.3 Námsmat

Unnið er eftir námsmati í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla 2011. Á öllum stigum er gefið eftir hæfniviðmiðum skólanámskrár. Á yngsta stigi er gefið í umsögnum; *til fyrirmyndar – hæfni náð – á góðri leið og hæfni ekki náð*. Á miðstigi og elsta stigi fá nemendur einkunnir í bókstöfum $A - B+ - B - C+ - C - D$. Kennarar eru með símat, þ.e. leggja námsmatsverkefni fyrir nemendur jafnt og þétt yfir skólaárið. Námsmatið er birt nemendum og foreldrum á InfoMentor eins fljótt og kostur er svo hægt er að fylgjast með frammistöðu og framvindu allt skólaárið.

Í 4., 7. og 10. bekk er gefin lokaekunn í hverri námsgrein eftir matsviðmiðum aðalnámskrár að vori. Í öðrum árgöngum fá nemendur skriflega umsögn um frammistöðu en ekki lokaekunn.

3.4 Heimanámsstefna Kársnesskóla

Heimanámsstefna Kársnesskóla er svohljóðandi:

- Lestur til yndis og fræðslu skal vera rauður þráður í heimanámi gegnum alla skólagöngu nemenda í Kársnesskóla frá upphafi 1. bekkjar til loka grunnskólans í 10. bekk.
- Heimanám á að hafa skýr markmið og skýran tilgang. Ávinningur heimanáms á að vera öllum ljós.
- Heimanám má aldrei vera íþyngjandi eða byrði á heimilum nemenda.
- Heimanám á að vera fjölbreytt og viðráðanlegt öllum nemendum.
- Heimanám er ein af mörgum leiðum foreldra til þess að fylgjast með námi barna sinna. Með vikulegum bréfum um starfið frá umsjónarkennurum, skráningarkerfinu í InfoMentor og greiðum aðgangi foreldra að umsjónarkennurum, geta foreldrar fylgst með námi barna sinna. Enn fremur stendur foreldrum til boða að koma í skólann og fylgjast með starfinu.

3.5 Stoðþjónusta

Sérkennsla

Skipulag sérkennslu er unnið af skólastjórnendum og sérkennurum sem sjá um daglegt skipulag hennar. Námsverin eru sex, sérkennarar eru sjö og stuðningsfulltrúar eru átta, í mismiklu starfshlutfalli. Stundatöflur sérkennara og stuðningsfulltrúa breytast nokkuð ört yfir veturinn þar sem reynt er að koma til móts við sem flesta nemendur. Stuðningsfulltrúar eru ýmist inni í bekkjum til aðstoðar eða styðja fámenna hópa við námið á öðrum stað.

Meginmarkmið með sérkennslu í Kársnesskóla er að stuðla að alhliða þroska nemenda. Leitast er við að ná þessu markmiði með jákvæðu viðmóti og virðingu fyrir einstaklingnum um leið og lögð eru fyrir verkefni við hæfi. Sérkennslan er skipulögð með þarfir nemandans að leiðarljósi og stuðst er við bæði greiningar sem nemendur eru með frá sérfræðingum og

niðurstöður námsmats. Í sérkennslu er unnið með nemendum sem þurfa verulega aðstoð og kennslu í lestri, íslensku og stærðfræði. Í einhverjum tilfellum er gerð einstaklingsnámskrá fyrir nemendur þar sem námsmarkmið eru tilgreind en oftast en ekki fylgja nemendur bekkjarnámskrá en þurfa aðeins tímabundna þjálfun. Þegar nemendur hafa náð markmiðum sínum eru þeir útskrifaðir.

Umsjónarkennari skal í samráði við foreldra sækja um sérkennslu fyrir nemanda ef hann telur ástæðu til og ef nemandi víkur verulega frá í námi og þroska. Umsóknir um námsaðstoð og greiningu eru sendar til viðkomandi deildarstjóra á sérstöku eyðublaði, sem í samráði við sérkennara, metur hvort og hvernig sérkennslu eða stuðning nemandi þarfnast. Enginn nemandi fer í sérkennslu/sérúrræði án slíkrar umsóknar. Allar umsóknir og niðurstöður þeirra eru trúnaðarmál.

Nemendur með íslensku sem annað mál (ÍSAT)

Við skólann starfa þrír kennarar sem sérhæfa sig í kennslu nemenda með íslensku sem annað mál. Ísat nemendur fá sérstaka íslenskukennslu hjá viðkomandi kennurum skv. viðmiði Kópavogsbæjar um fjölda kennslustunda og með hliðsjón af færni nemenda skv. viðmiðum aðalnámskrár. Aðrir kennarar aðlaga verkefni og námsmat nemenda út frá færni þeirra í íslensku. Þeir ísat nemendur sem ekki falla undir viðmið Kópavogsbæjar og hafa ekki náð tilskilinni færni íslensku fá kennslu hjá sérkennara að einhverju leyti.

Milli mála próf er lagt fyrir ÍSAT nemendur í 1., 4., 7. og 9. bekk sem hafa dvalið hér lengur en í tvö ár og niðurstöður þess nýttar í kennslu, bæði ÍSAT kennara og almennri kennslu. Prófið er einnig lagt fyrir íslensk börn sem hafa dvalið erlendis fimm ára eða meira.

Stuðningsfulltrúar

Stuðningsfulltrúi er kennara til aðstoðar við að sinna einum eða fleiri nemendum sem þurfa sérstaka aðstoð. Hann vinnur eftir áætlun sem bekkjarkennari hefur útbúið í samráði við deildarstjóra, sérkennara, sálfræðing eða annan ráðgjafa. Starf hans miðar að því að auka færni og sjálfstæði nemenda og að draga smám saman úr þörf þeirra á stuðningi í þeim tilvikum sem það er talið rétt. Stuðningsfulltrúi getur starfað í almennum bekk, sérúrræði og frístund, eftir nánari ákvörðun skólastjórnenda.

Færnitímar

Færnitímar eru kennslustundir þar sem fámennir nemendahópar fá færniþjálfun í formi list- og verkgreina og/eða út frá áhugasviðsverkefnum. Meginmarkmiðið er að byggja upp jákvætt viðhorf gagnvart skóla, vinna gegn skólaleiða, efla félagsfærni og samskipti í gegnum annars konar verkefni en alla jafna eru unnin í skólastofunni. Færnitímar eru ýmist í umsjón umsjónarkennara og list- og verkgreinakennara.

3.6 Skimunarpróf

Hér má sjá yfirlit yfir þau skimunarpróf sem notuð eru í Kársnesskóla. Stuðningur við nemendur sem glíma við lestrarerfiðleika er einstaklingsmiðaður. Hann getur verið fólgin í tímabundinni lestrarþjálfun hjá sérkennara eða öðrum kennara, auknum stuðningi við heimilin

eða annars konar úrræði sem við á hverju sinni. Sérkennari og umsjónarkennari vinna saman að því að finna viðeigandi úrræði.

Próf og skimanir	1. b	2. b	3. b	4. b	5. b	6. b	7. b	8. b	9. b	10. b
Framsagnarpróf				mars/apr			mars/apr			feb/mars
Lesfímipróf	jan., maí	sept., jan., maí	sept., jan., maí	sept., jan., maí	sept., jan., maí	sept., jan., maí	sept., jan., maí	sept., jan., maí	sept., jan., maí	sept., jan., maí
Lesmál		apr.								
Lesskimun	okt.									
Logos lesskimun			vorönn				vorönn			
Læsi	nóv., feb., maí	nóv., feb.								
Milli mála – skimun f. ÍSAT*	x			x			x		x	
Orðarún			okt. og feb.	okt. og feb.	okt. og feb.	okt. og feb.	okt. og feb.	okt. og feb.		
Stafakönnun	nóv., feb., maí									

*Milli mála er lagt fyrir nemendur sem eru með íslensku sem annað tungumál og hafa dvalið 2 ár eða lengur á Íslandi.

4. Starfsáætlun nemenda

4.1 Stundaskrár nemenda

Umsjón með stundarskrárgerð er í höndum aðstoðarskólástjóra. Stundaskrár taka mið af viðmiðunarstundaskrá grunnskóla þar sem kennslustundum er dreift á viðkomandi stig og séð til þess að heildarsamræmis sé gætt milli árganga.

Gerðar eru stundatöflur bekkja í 1. – 7. bekk og einstaklingsstundatöflur fyrir nemendur í 8. – 10. bekk. Allar stundarskrár eru birtar á InfoMentor.is og eru sýnilegar á göngum skólans. Skóladagurinn er mismunandi eftir aldri nemenda;

1. – 4. bekkur er frá 8:10 – 13:20.

5. – 7. bekkur er frá 8:20 – 14:15

8. – 10. bekkur er frá 8:30 en skóladeginum lýkur á mismunandi tíma meðal nemenda vegna valgreina.

Á yngsta- og miðstigi eru 40 mínútna kennslustundir. Þrisvar í viku hefst skóladagurinn á yngsta stigi á samsöng á sal og tvisvar í viku er næðisstund fyrstu 10 mínútur skóladagsins. Á elsta stigi eru 60 mínútna kennslustundir. Í viðmiðunarstundaskrá eru kennslustundir talðar út í 40 mínútum hjá öllum bekkjum. Vikulegur kennslustundafjöldi á viku eru:

- 30 stundir í 1. – 4. bekk
- 35 stundir í 5. – 7. bekk
- 37 stundir í 8. – 10. bekk

Viðmiðunarstundaskrá	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur
	Kest á viku	Kest á viku	Kest á viku	Kest á viku	Kest á viku	Kest á viku	Kest á viku	Kest á viku	Kest á viku	Kest á viku
Námsgreinar										
Íslenska	8	8	7	7	7	7	5	7,5	6	6
Erlend tungumál			1	1	3	3	6	6	6	7,5
List- og verkgreinar	5**	5**	6**	6**	7**	6**	6**	4,5**	3**	3**
Náttúrugreinar	2	3	2	3	3	3	3	3	3	3
Skólaíþróttir	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3
Samfélagfræði	4	4	4	3	5	5	4	3	4,5	3
Stærðfræði	5	5	5	5	6	6	6	6	7,5	6
Upplýsinga- og tæknim	1	1	1	1	1	1	0	***	0,5	0,5
Val	2	1	1	1		1	2	4,0*	3,5*	5*
Samtals	30	30	30	30	35	35	35	37	37	37

** List- og verkgreinar eru kenndar í lotum í 1. – 7. bekkjum, að tónmennt undanskilinni í 1. – 5. bekk. Í 8. bekk eru nemendur 3 kennslustundir á viku í list- og verkgreinum. Í 9. – 10. bekk eru list- og verkgreinar hluti af vali, þar sem helmingur valgreina er bundinn á þann veg að nemendur verða að velja list- og verkgreinar í þremur af 6 stundum.

*** Upplýsinga- og tæknimennt er samþætt öllum bóklegum námsgreinum og ekki skráð inn á töflu nemenda á yngsta – og miðstigi.

4.2 Foreldraviðtöl

Tvisvar á ári eru svokallaðir foreldraviðtalsdagar. Sá fyrri er í október og því viðtali stýra umsjónarkennarar og leggja áherslu á líðan barna í skólanum. Síðara viðtalið er í byrjun febrúar og nemendur stýra því viðtali sem snýr meira að námsframvindu, styrkleikum nemenda og markmiðum þeirra auk þess sem þeir kynna foreldum verkefni sem þeir hafa unnið og eru stoltir af.

Kennarar eru ekki með ákveðna viðtalstíma, en þeir nýta tölvupóst og Infomentor.is mikið í samskiptum við foreldra auk símans. Foreldrar geta alltaf haft samband við kennara og stjórnendur í gegnum tölvupóst og einnig óskað eftir símtali eða fundi.

4.3 Helstu viðburðir skólaársins

Vettvangsferðir

Allar vettvangsferðir sem skólinn greiðir fyrir eru tengdar ákveðnum námsgreinum eða skólaverkefnum. Fastir liðir á yngsta og miðstigi eru þessir:

1. bekkur – Hellisgerði
2. bekkur – Sandgerði
3. bekkur – Árbæjarsafn
4. bekkur – Borgarferð (Reykjavík)

5. bekkur – Þingvellir
6. bekkur – Reykholt
7. bekkur – Reykjadalur

Skólinn hefur yfir að ráða fjölmörgum strætókortum sem kennarar eru hvattir til að nýta sér í styttri ferðir innan höfuðborgarsvæðisins, s.s. á Vísindasafnið, á Skólapingið og á söfn víða um svæðið.

Fjölgreindaleikar og þemadagar

Brugðið er út frá hefðbundinni stundaskrá á hverjum vetri og þemadagar og fjölgreindaleikar settir á dagskrá. Þessir dagar skiptast á annaðhvort ár og þetta skólaár eru þemadagar 22. og 23. október. Þá er hefðbundið skólastarf lagt til hliðar og nemendur vinna í allskonar hópum að einu og sama þemaverkefninu.

Góðgerðardagur

Góðgerðardagur Kársnesskóla er árlegur stórviðburður í skólanum að vori. Þá vinna nemendur undir leiðsögn kennara að fjölbreyttum verkefnum s.s. búa til og selja listmuni, nytjahluti, baka bakkelsi og pizzur, setja upp ólíkar stöðvar með þrautum og hinu sívinsæla draugahúsi og standa fyrir ýmsum uppákomum hér og þar um skólann og skólalóðina. Þessi hátíðardagur er í samstarfi við foreldrafélag skólans og allir sem að verkefnum dagsins koma gefa vinnu sína. Foreldrar, starfsfólk, fyrirtæki og velunnarar skólans styrkja Góðgerðardaginn veglega og njóta hin ýmsu félög góðs af, t.d. Unicef, Rauði Krossinn, Abc barnahjálpi og Barnspítali Hringins, en 7. bekkingar velja hvaða félag skal styrkja ár hvert. Góðgerðardagurinn þetta skólaár verður 15. maí 2025.

Umhverfisdagur

Á hverju vori er svokallaður umhverfisdagur á skóladagatali. Þann dag tileinkum við umhverfinu, vinnum verkefni og fræðumst um umhverfis- og loftslagsmál auk þess sem nemendur og starfsfólk ganga um allt Kársnesið og tína rusl.

5. Val nemenda í 7. - 10. bekk

5.1 Valgreinar

7. bekkur

Í fyrsta skipti bjóðum við 7. bekk upp á valgreinar í vetur, alls tvær kennslustundir á viku. Hver nemandi velur 4 valgreinar sem kenndar eru í 8-9 vikna lotum. Í vetur eru þessar valgreinar kenndar:

- | | |
|---------------------------|-----------------------|
| - Fingrasetning og Sphero | - Tækni og tungumál |
| - Skák og spil | - Vísindafjör og STEM |
| - Tónsmíðja | |

8. – 10. bekkur

Nokkuð fjölbreytt framboð er á valgreinum við Kársnesskóla. Valið er einstaklingsmiðað og nemendur eru hvattir til að velja út frá eigin áhugasviði eftir því sem völ er á. Í upphafi er boði á upp á þriðja tug valgreina en lágmarkspáttökufjöldi verður að vera til staðar svo valgrein sé haldið úti. Allir kennarar sem koma að kennslu valgreina eru kennarar við skólann að undanskildu fjarnámi við framhaldsskóla og þeim greinum sem kenndar eru í Tækniskólanum, en þar býðst nemendum að kynnast iðngreinum í grunnskólavali sem skólinn býður upp á. Nemendur geta fengið nám utan skóla og þátttöku í tómstundastarfi metið sem valgrein og þurfa þá umsjónaraðilar námsins/tómstundastarfsins að staðfesta tímafjölda á viku, og foreldrar að kvitta undir og staðfesta ígildi valgreinarinnar.

Valgreinar eru kenndar eftir hádegi fjóra daga vikunnar, og eru valgreinaskipti um annarskil, um miðjan janúar.

Fjöldi kennslustunda í valgreinum eftir árgöngum eru 4 klst eða 6 kennslustundir.

Valgreinar kenndar 2024 – 2025:

- | | |
|---------------------------|---------------------------------|
| - Árbók | - Myndlist |
| - Bestu bíómyndir í heimi | - Roblox |
| - Catan | - Skólakór Kársness |
| - Eldað saman | - Strætó |
| - Enski boltinn | - Stærðfræðigrunnur |
| - Fótbolti | - Textíll |
| - Göngum um Kársnesið | - Tækniskólinn – grunnskólavali |
| - Hár í höndum | - Út að leika |
| - Hesturinn | - Útihlaup |
| - Hönnun og smíði | - Þjálfun |
| - Körfubolti | |

5.2 Samstarf við aðra skóla

Kársnesskóli og leikskólar hverfisins eru í miklu samstarfi allt skólaárið, s.s. um Vináttugöngu 8. nóvember ár hvert, skólaheimsóknir elstu leikskólanemenda tvisvar á ári og leikskólaheimsókn 4. bekkinga þar sem þeir lesa fyrir yngri börnin. Kársnesskóli er einnig í samstarfi við Tónlistarskóla Kópavogs og Skólahljómsveit Kópavogs og fá tónlistarkennarar aðstöðu til kennslu/æfinga á skólatíma eftir því sem húsnaði leyfir.


Tungumálver er samstarfsaðili okkar varðandi kennslu í norsku og sænsku frá 7. bekk.

Gott samstarf er við Tækniskólann varðandi iðngreinaval fyrir 10. bekkinga auk þess sem nokkrir 10. bekkingar stunda fjarnám við Versló og Fjölbrautarskólann í Ármúla ár hvert.

6. Skólabragur og skólareglur

6.1 Skólabragur

Uppeldi til ábyrgðar er uppeldis- og samskiptastefna sem stuðst er við í Kársnesskóla. Hún miðar að því að efla innri hvata barnanna til að verða góðir og gefandi einstaklingar sem lifa í sátt við annað fólk og umhverfi sitt. Þar er viðurkennt að öllum getur orðið á mistök og tækifæri gefið til að leiðrétta þau eftir bestu getu. Þessi uppeldisstefna er ekki einungis leiðarvísir að gefandi samskiptum barnanna heldur starfsmannanna líka og setur sinn brag á allt skólastarf. Opnar spurningar eru notaðar til að leiða börnin áfram í átt að uppbyggilegum verkefnum og lausnum á vandamálum. Við vörumst að stýra börnum með umbun og refsingu.



Í samræmi við Uppeldi til ábyrgðar gera allir bekkir með sér bekkjarsáttmála þar sem unnið er út frá grunnþörfunum öryggi, umhyggja, gleði, stjórnun og frelsi. Bekkjarfundir eru reglulega og hafa flestir umsjónarkennarar lokið námskeiði hjá KVAN sem kallast Verkfærakistan og vinnur með félagsfærni, bekkjaranda, skólabrag, bekkjarstjórnun, hópefli og ráð gegn einelti.


Nemendur hafa greiðan aðgang að öllu starfsfólki skólans og er erindum þeirra vel tekið og hlustað á raddir þeirra.

Gott samstarf félagsmiðstöðvarinnar EKKÓ og skólans skilar sér í léttum skólabrag á elsta stigi og nemendur bera virðingu fyrir húsnaði skólans og starfsfólki.

Auk þessa eru þeir viðburðir sem nefndir eru í kafla 4.3 hluti af verkefnum sem móta jákvæðan skólabrag, sem og nemendaráð sem sagt er frá í 7. kafla.

6.2 Gildi og skólareglur Kársnesskóla

Gildi Kársnesskóla eru *þekking*, *virðing*, *ánægja* og *ábyrgð* og þau endurspeglast í uppeldisstefnu skólans og skólareglum.



Skólareglur gilda hvar sem nemendur eru á vegum skólans og eru þessar:

Í Kársnesskóla

- Sýnum við hverju öðru virðingu og umburðarlyndi.
- Erum við stundvís og sinnum verkefnum okkar af alúð.
- Göngum við vel um skólann okkar og umhverfi hans.
- Líðum við ekki skemmdarverk né þjófnað - hvorki á eigum skólans né annarra.
- Höfum við hollustu að leiðarljósi.
- Komum við ekki með sælgæti né gos- og orkudrykki í skólann.
- Beitum við ekki ofbeldi - hvorki í orðum né gjörðum.
- Notum við ekki vímuefni né nikótín í neinu formi.

Að auki eru reglur um símanotkun en við viljum takmarka símanotkun nemenda á skólatíma:

- Nemendur/forráðamenn bera ábyrgð á sínum sem nemendur koma með í skólann.
- Símar eiga alltaf að vera á hljóðlausri stillingu (silent).
- Nemendur á yngsta – og miðstigi mega ekki nota síma á skólatíma.
- Nemendur mega ekki nota síma í kennslustundum.
- Í kennslustundum eiga nemendur alltaf að geyma símana sína í símahóteli kennslustofunnar. Nemendur á elsta stigi geta líka geymt símana í læstum skáp ef þeir eru með skáp á leigu.

- Ef sími er notaður í kennslustund ber kennara að taka símann og koma honum til stjórnanda. Nemandi getur sótt símann í lok skóladags. Ef um endurtekið brot er að ræða verða foreldrar að sækja símann til skólastjórnaðs á skrifstofutíma.
- Óheimilt er að taka myndir eða myndbrot af nemendum og kennurum/starfsmönnum nema með leyfi viðkomandi (brot á þessari reglu getur varðað lög um persónuvernd).

Að lokum eru reglur um reiðhjól, hlaupahjól og vespur

1. Nemendur mega koma á hjóli í skólann frá og með vori í 2. bekk.

Nemandi sem kemur hjólandi í skólann gerir það á ábyrgð foreldra/forráðamanna sem meta færni barnsins og aðstæður á hjólaleiðinni. Skv. 44. grein umferðarlaga mega börn yngri en níu ára ekki hjóla á akbraut án leiðsagnar og eftirlitsaðila sem hefur náð 15 ára aldri.

2. Allir nemendur sem koma á hjóli í skólann eiga að vera með hjálm. 79. grein umferðarlaga: „Barn yngra en 16 ára skal nota reiðhjólshjálma við hjólreiðar“.

3. Nemendur mega ekki vera á hjóli á skólalóðinni (í frímínútum eða í Frístund). Nemendur eiga ekki að vera að leik á hjólum/vespum á skólalóðinni. Þegar hjólað er af skólalóð þarf að fara mjög varlega, velja stystu leið og fara beint af skólalóðinni.

4. Á skólatíma eiga hjól að vera læst í eða við hjólagrindur.

Skólinn ber ekki ábyrgð á hjólum. Foreldrar/forráðamenn geta kært þjófnað og/eða skemmdarverk til lögreglu.

6.3 Ferli vegna brota á skólareglum Kársnesskóla

Ferli vegna brota á skólareglum eru í þremur þrepum og þeim fylgja leiðbeiningar fyrir starfsfólk.



6.4 Viðbrögð við ófullnægjandi skólasókn

Kópavogsbær hefur sett fram samræmd viðbrögð vegna ófullnægjandi skólasóknar og Kársnesskóli fylgir þeim. [Þau](#) eru að finna á heimasíðu Kópavogsbæjar á íslensku, ensku og pólsku.

VIÐBRÖGÐ VIÐ ÓFULLNÆGJANDI SKÓLASÓKN LEYFI/VEIKINDI



Þegar grunur vaknar um ófullnægjandi skólasókn skal skoða tilkynningar um veikindi og leyfi.

Miðað er við eftirfarandi viðbrögð vegna ófullnægjandi skólasóknar og stuðst við viðmið um fjölda veikinda- og/eða leyfisfunda við hvert þrep. Jafnframt er mikilvægt að viðbrögðin séu áætluð út frá stöðu hvers nemanda og að ávallt sé leitað eftir stuðningi frá Menntasviði Kópavogsbæjar og/eða Barnavernd Kópavogsbæjar sé talin þörf á því.

ÞREP 1 5-9 DAGAR	ÞREP 2 10-14 DAGAR	ÞREP 3 15-19 DAGAR	ÞREP 4 20-29 DAGAR	ÞREP 5 30 DAGAR EÐA FLEIRI
Foreldrar fá upplýsingar um skólasókn frá skóla.	Umsjónarkennari á samtali við foreldra og nemanda. Skólastjórnendur eru upplýstir um stöðu mála. Ef um veikindi er að ræða má óska eftir aðkomu skóla- hjúkrunarfræðings.	Umsjónarkennari boðar foreldra til fundar ásamt skólastjórnanda eða fulltrúa hans þar sem gerð er áætlun um næstu skref. Nemendaverndarráð er upplýst með vitneskju foreldra.	Skólastjórnandi boðar foreldra til fundar og nemanda ef að við á. Skrifleg tilkynning og áætlun um aðgerðir send Menntasviði Kópavogsbæjar.	Skólastjórnandi tilkynnir skólasókn til Barnaverndar Kópavogsbæjar og upplýsir Menntasvið Kópavogsbæjar um stöðu mála. Í framhaldi er gerð ný áætlun um næstu skref.

Í 19. gr. laga um grunnskóla frá 2008 stendur „Foreldrar bera ábyrgð á námi barna sinna og ber þeim að fylgjast með námsframvindu þeirra í samvinnu við þau og kennara þeirra. Foreldrar skólaskylds barns bera ábyrgð á að það innritist í skóla þegar það kemst á skólaskyldualdur og sækir skóla“.

VIÐBRÖGÐ VIÐ ÓFULLNÆGJANDI SKÓLASÓKN FJARVISTIR



Þegar grunur vaknar um ófullnægjandi skólasókn skal skoða ástundun nemandans.

Miðað er við eftirfarandi viðbrögð vegna ófullnægjandi skólasóknar og stuðst við viðmið um fjölda fjarvista við hvert þrep. Jafnframt er mikilvægt að viðbrögðin séu áætluð út frá stöðu hvers nemanda og að ávallt sé leitað eftir stuðningi frá Menntasviði Kópavogsbæjar og/eða Barnavernd Kópavogsbæjar sé talin þörf á því.

ÞREP 1 2-4 FJARVISTIR	ÞREP 2 5-9 FJARVISTIR	ÞREP 3 10-14 FJARVISTIR	ÞREP 4 15-24 FJARVISTIR	ÞREP 5 25 FJARVISTIR EÐA FLEIRI
Foreldrar fá upplýsingar um skólasókn frá skóla.	Umsjónarkennari á samtali við foreldra og nemanda. Skólastjórnendur eru upplýstir um stöðu mála.	Umsjónarkennari boðar foreldra til fundar ásamt skólastjórnanda eða fulltrúa hans þar sem gerð er áætlun um næstu skref. Nemendaverndarráð er upplýst með vitneskju foreldra.	Skólastjórnandi boðar foreldra til fundar og nemanda ef að við á. Skrifleg tilkynning og áætlun um aðgerðir send Menntasviði Kópavogsbæjar.	Skólastjórnandi tilkynnir skólasókn til Barnaverndar Kópavogsbæjar og upplýsir Menntasvið Kópavogsbæjar um stöðu mála. Í framhaldi er gerð ný áætlun um næstu skref.

Í 19. gr. laga um grunnskóla frá 2008 stendur „Foreldrar bera ábyrgð á námi barna sinna og ber þeim að fylgjast með námsframvindu þeirra í samvinnu við þau og kennara þeirra. Foreldrar skólaskylds barns bera ábyrgð á að það innritist í skóla þegar það kemst á skólaskyldualdur og sækir skóla“.

7. Skólaráð, foreldrafélag og nemendaráð

7.1 Skólaráð

Í skólaráði eru fulltrúar foreldra, nemenda, kennara, starfsmanna og aðila frá grenndarsamfélaginu.

Í skólaráði skólaárið 2024 - 2025 eru:

- Björg Baldursdóttir og Heimir Eyvindarson skólastjórar
- Helga Guðný Sigurðardóttir og Þórleif Kristín Hauksdóttir
- Gunnar Karl Sigurðsson og Hrafnkatla Ýma Helgadóttir fulltrúar nemenda
- Ragnheiður Gísladóttir og Sif Garðarsdóttir fulltrúar kennara
- Snorri Sævar Konráðsson fulltrúi starfsmanna
- Fulltrúi grenndarsamfélags er Fjóla Borg Svavarsdóttir
- Sigrún Valdimarsdóttir aðstoðarskólastjóri situr skólaráðsfundi í hlutverki ritara

Fyrsti fundur er settur fimmtudaginn 10. október. Fundir eru tveir/þrír á hvorri önn. Í skólaráði eru tekin fyrir mál sem varða skipulag á skólahaldi, farið yfir ýmsar áætlanir sem skólaráði ber að hafa álit á og mál sem berast frá foreldrum og nemendaráði. Fundargerðir skólaráðs eru birtar á heimasíðu skólans.

7.2 Foreldrafélag

Á hverju hausti heldur foreldrafélagið aðalfund og þar er kosið í ráð og nefndir.

Foreldrafélag hugar að þörfum nemenda og er í samstarfi við stjórnendur skólans um ýmis mál. Foreldrafélagið stendur m.a. fyrir jólaföndri fyrir nemendur og foreldrarölti auk þess að vera mikilvægir þátttakendur í góðgerðardegi skólans. Útskriftarferð 10. bekkinga er alfarið á vegum foreldra í 10. bekk. Foreldrafélagið heldur einnig utan um starfsemi bekkjarfulltrúa foreldra og styrkir ýmsa þætti í skólastarfinu.

Foreldrafélagið birtir fundargerðir og aðrar upplýsingar félagsins á heimasíðu Kársnesskóla. Netfang foreldrafélagsins er foreldrafelag-kars@kopavogur.is

Stjórn foreldrafélagsins skipa: Aldís Rún Lárusdóttir, Agnes Valdimarsdóttir, Elín Hanna Pétursdóttir, Elizabeth Sargent, Guðbjörg Benjamínsdóttir, Helga Guðný Sigurðardóttir, Rikke Pedersen, Sara Elísabet Haynes, Súsanna Pétursdóttir, Víðir Þórarinsson og Þórleif Kristín Hauksdóttir.

7.3 Bekkjarfulltrúar og nemendaráð

Við skólann starfar nemendaráð á hverju stigi og er ráðið í umsjón deildarstjóra. Á yngsta- og miðstigi eru tveir fulltrúar úr hverri bekkjardeild valdir af bekkjarfélögum til að sitja í ráðinu. Ráðin funda 2 – 3 sinnum á önn um skólabrag og fara yfir hvað gengur vel í skólastarfinu og hvað má betur fara.

Á elsta stigi er eitt sameiginlegt nemendaráð fyrir skólann og EKKÓ og sitja fimm/sex nemendur úr hverjum árgangi í því ráði. Meðlimir ráðsins eru kosnir af bekkjarfélögum. Ráðið fundar 3 sinnum í mánuði með EKKÓ og einu sinni í mánuði með deildarstjóra elsta

stigs. Í EKKÓ skipuleggur ráðið starf vetrarins og undirbýr hina ýmsu viðburði auk þess að sitja í nefndum á vegum félagsmiðstöðvanna. Með deildarstjóra er farið yfir skólabrag, niðurstöður Skólapúlsins og hvaðeina sem brennur á nemendum og/eða stjórnendum vinna með. Bekkjarfulltrúar allra ráða koma með umræðuefni af bekkjarfundum og stjórnendur setja bekkjarfulltrúum fyrir ýmis umræðuefni fyrir bekkjarfundi.

Einn nemandi úr nemendaráði elsta stigs situr í skólaráði Kársnesskóla.

Listi yfir bekkjarfulltrúa 2024 – 2025 verður birtur á heimasíðu skólans um leið og hann liggur fyrir.

7.4 Teymi, nefndir og ráð

Flestir kennarar sitja í a.m.k. einni nefnd sem heldur utan um og stýrir faglegu starfi innan skólans. Nefndir skólaárið 2024 – 2025 eru: lausnateymi, læsisnefnd, spjaldtölvunefnd, nefnd um innra mat, leikja- og hreyfinefnd, öryggisnefnd, viðburðarnefnd og skemmtinefnd. Að auki eru tvær nefndir sem stýra innleiðingu á leiðsagnarnámi og réttindaskóla UNICEF. Stjórnendur skipta milli sín umsjón og ábyrgð með nefndum. Nefndarmenn skrá fundargerðir.

Lausnateymi

Lausnateymi er hluti af stoðþjónustu en hlutverk þess er að styðja kennara og veita ráðgjöf vegna hegðunar, samskipta og/eða námerfiðleika nemenda. Hvert mál er skoðað og tillögur að lausn mála lagðar fyrir kennara sem velur úr tillögum það sem hann vill reyna. Ef ekki tekst að leysa mál með teyminu er því vísað til nemendaverndarráðs.

Í lausnateymi sitja tveir stjórnendur og þrír kennarar. Viðkomandi umsjónarkennari situr auk þess fund þegar málefni hans umsjónarnemanda eru tekin fyrir.

Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráð Kársnesskóla starfar samkvæmt reglugerð um nemendaverndarráð í grunnskólum. Í nemendaverndarráði sitja skólastjórnendur, skólahjúkrunarfræðingur, námsráðgjafi, skólasálfræðingur og sérkennarar.

Allar umsóknir um stoðþjónustu nemenda/nemendahópa þurfa að fara í gengum nemendaverndarráð sem fer yfir og metur umsóknir og kemur erindum í farveg sem leiðir til lausna. Umsjónarkennari, námsráðgjafi og/eða foreldrar sækja um aðstoð ráðsins á sérstöku eyðublaði og þurfa foreldrar alltaf að vera upplýstir ef mál barnsins þeirra fer fyrir ráðið. Fundað er alla fimmtudaga og ábyrgðaraðilar eru deildarstjórar. Fundargerð er trúnaðarmál og öll gögn ráðsins eru geymd í læstum skjalaskápum.

Eineltisráð

Í eineltisráði sitja deildarstjórar og námsráðgjafi. Ráðið fundar þegar tilkynningar um eineltismál koma inn og vinnur þá í samræmi við [eineltisáætlun](#). Að auki leggur eineltisráð tengsla- og eineltiskannanir fyrir nemendur á hvorri önn og vinnur úr þeim niðurstöðum í samstarfi við umsjónarkennara.

Áfallateymi

Í áfallateymi sitja skólastjórnendur, námsráðgjafi og skólasálfræðingur. Með ráðinu starfa forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar Ekkó, skólahjúkrunarfræðingur og sóknarprestur Kópavogskirkju. Teymið fundar þegar upp koma áföll í skólasamfélaginu og starfar þá eftir áfallaáætlun.

Forvarnarteymi

Nýverið var forvarnarteymi stofnað skv. þingsályktun 37/150. Teyminu er ætlað að vinna að forvörnum meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundu ofbeldi og áreitni. Í teyminu sitja stjórnendur, námsráðgjafi, forstöðumenn félagsmiðstöðvar og frístundar auk skólasálfræðings. Teymið vinnur nú að endurskoðun forvarnaráætlunar.

7.5 Fundir

Starfsmannafundir, kennarafundir og stigsfundir eru á miðvikudögum kl. 14:30 – 16:00 og fræðslufundir ýmist á miðviku- eða fimmtudögum á sama tíma. Á skóladagatali ætluðu starfsfólki er áætlun um starfsmanna- og kennarafundi, stigsfundi og sameiginlega fundi sem kennarar stýra. Fræðslufundir eru sérstaklega auglýstir í vikufréttum. Fundargerðir eru aðgengilegar starfsfólki á sameiginlegu drifi.

- Nefndarfundir eru skipulagðir af þeim sem þá sækja.
- Skólastjórnarfundir eru á þriðjudögum, oftast ef þurfa þykir.

8. Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarf er með hefðbundnum hætti gegnum símtöl, tölvupóst og InfoMentor.is auk þess sem foreldrar koma til viðtals í skólann einu sinni á hverri önn. Kennarar og skólastjórnendur hafa ekki skipulagða viðtalstíma enda er skólinn alltaf opinn foreldrum.

Við upphaf skólaárs er öllum foreldrum boðið á haustfund þar sem umsjónarkennarar hvers árgangs fara m.a. yfir skipulag skólaársins og áherslur vetrarins, kynna Infomentor og Google Classroom, stoðkerfi skólans og önnur aðkallandi málefni.

Foreldrar/forráðamenn geta nálgast helstu upplýsingar s.s. skólanámskrá, kennsluáætlanir, upplýsingar um stoðþjónustu og fleira er varðar nám og líðan á [heimasíðu](#) skólans. Á [InfoMentor](#) geta foreldrar/forráðamenn nálgast upplýsingar um ástundun, heimanám og námsmat, lesið vikupósta og bókað foreldraviðtöl.

Kennarar setja verkefni inn á Google Classroom og foreldrar geta fylgst með verkefnavinnu barna sinna þar, en nemendur þurfa sjálfir að gefa foreldrum aðgang hverju sinni.

Annað hvort ár er foreldrum barna með annað móðurmál en íslensku boðið á námskeið í september/október, í umsjón skólastjórnenda og kennsluráðgjafa menntasviðs.

Foreldrum/forráðamönnum nemenda í 10. bekk er boðið í viðtal til námsráðgjafa ásamt barni sínu til að ræða framhaldsnám. Þá er kynningarfundur á framhaldsskólum í janúar þar sem einnig er farið yfir námsmat og inntökukröfur framhaldsskólanna.

Foreldrakynningar eru haldnar í mörgum árgöngum nokkrum sinnum yfir árið og tengjast oftast ákveðnum verkefnum þar sem nemendur kynna fjölbreytt verkefni söguaðferðar eða annarra þemaverkefna með ýmsum hætti. Jafnan er boðið upp á einhverjar veitingar.

Yfir veturinn er foreldrum boðið á ýmsa fyrirlestra um það efni sem brennur á skólasamfélaginu hverju sinni. Í vetur hefur skólasálfræðingur sett saman dagskrá fræðsluerinda þar sem hann tekur fyrir fjölbreytt umræðuefni ýmist í formi veffunda eða staðfunda í skólanum.

Skólastjórnendur bjóða foreldrum í morgunspjall í febrúar – mars. Þar gefst foreldrum tækifæri á að ræða skólastarfið og koma með ábendingar um það. Skólastjórnendur nýta jafnframt tækifærið og leggja til grundvallar ákveðin umræðuefni.

Foreldrafélagið fundar reglulega með skólastjóra og hefur greiðan aðgang að öllum stjórnendum skólans. Formaður foreldrafélagsins er með lykil að skólahúsnæðinu.

Skólinn hefur ekki gert sérstakar ráðstafanir til að koma til móts við foreldra með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn annað en að gæta þess að kalla alltaf til túlka þegar við boðum fundi og reynum eftir fremsta megni að muna að senda bréf sem koma frá skólastjórn bæði á íslensku og ensku til að auðvelda túlkun yfir á önnur tungumál.

9. Innra mat

Innra mat skólans er unnið af skólastjórn og nefnd um innra mat. Matið og árleg umbótaáætlun byggir á skýrslum, námsmati, niðurstöðum skimunarprófa, minni viðhorfakönnunum, tengslakönnunum, foreldraviðtölum og starfsmannasamtölum, niðurstöðum rýnihópa og niðurstöðum nemendakannana Skólapúlsins.

Kannanir Skólapúlsins er viðurkennd sjálfsmatsaðferð. Nemendakannanir eru lagðar fyrir hóp nemenda (úrtak) í hverjum mánuði. Matsþættirnir eru virkni nemenda í skólanum, líðan og heilsa, skóla- og bekkjarandi auk þess sem öllum gefst kostur á að lýsa í opnum svörum því sem er gott við skólann eða má bæta. Nemendur svara könnun undir leiðsögn ritara. Deildarstjórar fara yfir mánaðarlegar niðurstöður og ræða þær við kennara og í nemendaráði. Foreldrakönnun er send úrtaki foreldra seinnipart vetrar (þriðja hvert ár) og niðurstöður birtast skólanum nokkrum vikum seinna. Starfsmannakönnun er gerð þriðja hvert ár og taka allir starfsmenn þátt í henni. Í lok skólaárs eru heildarniðurstöður teknar saman og birtar á heimasíðu skólans. Nánar um innra mat skólans má lesa í fylgiskjöllum.

Kannanir 2023 – 2024 voru:

- Nemendakönnun, úrtak nemenda í hverjum mánuði
- Vinnustaðagreining Kópavogsbæjar

Skólaárið 2024 – 2025 verður nemendakönnun, úrtak nemenda í hverjum mánuði, starfsmannakönnun og foreldrakönnun.

9.1 Niðurstöður nemendakönnunar

Könnun hófst í ágúst 2023 og lauk í júní 2024. Handahófskennt úrtak nemenda í 6. – 10. bekk var dregið út mánaðarlega og svaraði könnuninni. Þátttakendur voru 309, svarendur 259 og svarhlutfall 83,8%.

Gerður hefur verið samanburður þau ár sem Skólapúlsinn hefur verið nýttur í innra mati á skólastarfi Kársnesskóla. Hér má sjá þróun síðustu 5 árin í nemendakönnuninni.

	2020 Skólinn	2020 Landið	2021 Skólinn	2021 Landið	2022 Skólinn	2022 Landið	2023 Skólinn	2023 Landið	2024 Skólinn	2024 Landið
Ánægja af lestri	4,8	4,7	4,6	4,5	4,4	4,4	4,5	4,3	4,4	4,2
Þrautseigja í námi	4,9	4,8	4,9	4,6	4,8	4,5	4,8	4,4	4,7	4,4
Áhugi á stærðfræði	5,1	5,0	4,9	4,8	4,9	4,8	4,8	4,7	4,6	4,5
Áhugi á náttúrufræði	4,4	4,8	4,9	4,7	4,9	4,5	4,6	4,4	4,5	4,2
Trú á eigin vinnubrögð	4,7	4,8	4,6	4,5	4,8	4,4	4,8	4,3	4,6	4,3
Trú á eigin námsgetu	4,6	4,7	4,6	4,5	5,3	4,9	5,2	4,8	5,1	4,8
Hlutfall nem með snjallsíma									65,5 %	80,3 %
Símanotkun á skólatíma									0,7	0,6
Sjálfsálit	4,6	4,5	4,5	4,2	4,7	4,3	4,7	4,2	4,6	4,3
Stjórn á eigin lífi	4,6	4,6	4,7	4,3	4,8	4,3	4,8	4,2	4,8	4,3
Vellíðan	4,5	4,6	4,7	4,4	4,7	4,3	4,9	4,3	4,7	4,4
Einelti	5,5	5,4	5,3	5,6	5,2	5,6	5,1	5,8	5,2	5,8
Tíðni eineltis í %	11,1	12,5	8,8	13,6	9,1	14,6	8,1%	15%	7,6%	15,2%
Hreyfing í %	49,2	45,6	48,9	43,7	54,9	44,4	51,1%	44,8%		
Hollt mataræði	4,7	4,7	4,7	4,6	4,9	4,6	4,9	4,6		
Í mataráskrift									84,1 %	76,9 %
Samsömun við nemendahóp	5,0	5,0	5,1	4,8	5,2	4,8	5,2	4,7	5,4	4,8
Samband nem. við kennara	5,0	4,9	5,2	4,9	5,3	4,8	5,2	4,7	5,0	4,7
Agi í tímum	5,0	4,9	4,9	4,9	5,0	4,9	5,0	4,8	5,2	4,7
Virk þáttaka nem. í tímum	5,3	5,1	5,2	5,0	5,1	4,9	5,0	4,8	4,9	4,8
Mikilvægi heimavinnu										
Tíðni leiðsagnarmats	5,2	5,0	5,1	5,0	5,0	4,9	4,9	4,8	4,9	4,8

9.2 Umbótaáætlun fyrir skólaárið 2024 – 2025

Umbótaáætlun miðar að námi og kennslu, skólaþróun, velferð og líðan nemenda og eineltismálum.

Nám og kennsla

Hvað á að gera	Umbætur	Ábyrgðaraðilar	Viðmið um árangur
Gæði kennslu (kennarar)	Að kennarar fræðist og meti gæði kennslustunda hjá sér	Kennarar og stjórnendur	50% kennara hafa fræðst og metið „gæðakennslustund“
Kynna okkur og taka upp hugmyndafræði leiðsagnarnáms	Fyrirlestur frá Nönnu Christiansen um leiðsagnarnám. Nefnd um innleiðingu leiðsagnarnáms stofnuð.	Skólastjórnendur	Allir kennarar hafa kynnt sér þessa hugmyndafræði og tileinkað sér ný vinnubrögð.
Vinna markvissar með einstaklings námskrár	Einstaklingsnámskrár innihalda mælanleg markmið.	Deildarstjóri stoðþjónustu, ÍSAT kennarar og sérkennarar	Þeir nemendur sem njóta stoðþjónustu séu með einstaklingsnámskrá
ÍSAT	Setja á fót og þróa gott námsver til að mæta þörfum nemenda með íslensku sem annað mál.	Deildarstjóri stoðþjónustu, ÍSAT kennarar og sérkennarar	Kársnesskóli mæli ánægju og árangur ÍSAT nemenda og kennara.

Skólaþróun

Hvað á að gera	Umbætur	Ábyrgðaraðilar	Viðmið um árangur
Innleiða innra mats kerfi: Meta Geta	Meta með kerfisbundnari hætti gæði kennslu og ákveðna þætti skólastarfsins.	Skólastjórnendur og teymi um innra mat.	Matskerfi prufukeyrt og niðurstöður skýrar í lok skólaársins 2024-2025
Upplýsingatækni og persónuvernd efla	Kennarar og starfsmenn taki upp ný vinnubrögð og tileinki sér annað ut umhverfi.	Deildarstjóri UT, kennarar og stjórnendur.	Allir kennarar/starfsmenn hafi lokið við að færa öll gögn yfir á tilgreind svæði.

Skólastefna	Skólastefnan rýnd og ígrunduð með starfsfólki.	Stjórnendur	Allir starfsmenn þekki stefnu skólans og vinni samkvæmt henni.
Þátttaka í samstarfsverkefni MMS	Innleiðing og þróun Matsferils. Fyrirlögn lesskilningsprófa vorið 2025.	Kennarar í 4. - 10. bekk, innleiðing stöðu - og framvinduprófa í lesskilningi.	Kennarar hafi lagt fyrir lesskilningsprófin og fengið kynningu og fræðslu um notkun nýrra prófa.

Velferð og líðan nemenda

Hvað á að gera	Umbætur	Ábyrgðaraðilar	Viðmið um árangur
Undirbúa flutninga og skiptingu skólans	Undirbúa þau rými sem nemendur koma til með að flytja í.	Stjórnendur	Í lok skólaársins verði allir nemendur í vel útbúnum kennslustofum og rýmum í skólanum.
Unicef - samstarf skóla, félagsmiðstöðvar og Vinahóls.	Að nemendur verði virkir í ákvörðunartöku að málum sem að þeim snúa.	Verkefnastjórar, kennarar og stjórnendur	Innleiðingaferli hafið.
Reglubundnari upplýsingar til foreldra frá skólastjórn	Einu sinni á tveggja mánaða fresti sendi skólastjóri frá sér fréttabréf um stöðuna í skólanum.	Skólastjóri	Að minnsta kosti hafi farið fimm upplýsingapóstar til foreldra/ forráðamanna.
Hreyfing	Unnið að því að auka líkamlega hreyfingu allra nemenda í skólanum.	Teymi áhugasamra	Nemendur hafa fengið kynningu á hreyfingu og tækifæri til aukinnar hreyfingar.

<i>Símanotkun í skólanum</i>	Stjórnendur ásamt nemendum, kennurum og foreldrum skoði símanotkun í skólanum.	Allir í skólasamfélaginu ásamt skólastjórn.	Búið verði að mynda upplýsta, vel rökstudda stefnu varðandi notkun síma í Kársnesskóla.
------------------------------	--	---	---

Einelti

Hvað á að gera	Umbætur	Ábyrgðaraðilar	Viðmið um árangur
<i>Vinna markvisst með gildi skólans</i>	Setja á dagskrá vinnu með gildi skólans á skapandi hátt.	Kennarar og stjórnendur.	Í lok skólaársins hefur verið unnið með gildi skólans.
<i>Samskipti á netinu – stafræn borgaravitund</i>	Aukin fræðsla um stafræna borgaravitund.	Deildarstjórar og kennarar.	Niðurstöður Skólapúlsins, nemenda- og starfsmannaviðtöl.
<i>Gæsla á göngum skólans og skólalóð</i>	Gæta vel að því að hafa gangavörslu og gæslu á skólalóð vel mannaða. Vel greinanlegt hverjir eru í gæslu.	Húsvörður og stjórnendur	Nemendur upplifa sig örugga á skólalóðinni og þeir sem sinna gæslu eru vel sýnilegir. Mælt í Skólapúlsi.

Áhersla á fræðslu til foreldra er mikil sem fyrr og hefst strax í ágúst með námskeiði fyrir foreldra 1. bekkina. Allir foreldrar á mið- og elsta stigi fá boð um fræðslu um netöryggi í október og skólasálfræðingurinn verður með fyrirlestraröð fyrir foreldra, t.d. um skjánotkun barna/unglinga, kvíða/depurð, félagsþroska, tilfinningatjáningu barna/unglinga og ADHD.

Skólasálfræðingur verður jafnframt með fræðslu/vinnufundi með nemendum þar sem hann setur tilfinningar, tilfinningavanda og félagslegt samspil á oddinn. Nemendur fá að auki fjölbreytta fræðslu skv. forvarnaráætlun skólans (sjá á heimasíðu).

Menntabúðir foreldra verða á skólaárinu og í febrúar/mars er foreldrakaffi þar sem stjórnendur hitta foreldra til skrafs og ráðgerða.

10. Upplýsingar um stoðþjónustu

10.1 Talmeinafræðingur

Einn talmeinafræðingur er í hlutastarfi við skólann og sinnir hann fyrst og fremst talþjálfun yngri nemenda. Talmeinafræðingur er Eva Zophaníasdóttir, hún er með viðveru á þriðjudögum og miðvikudögum.

10.2 Sálfræðingur

Skólasálfræðingur er Erlendur Egilsson með viðveru þrjá daga í viku, mánudaga, miðvikudaga og fimmtudaga.

Hægt er að leita til skólasálfræðings vegna erfiðleika hjá nemendum sem tengjast skólagöngunni, m.a. námserfiðleika og tilfinninga- og félagslegra erfiðleika. Ef óskað er eftir aðstoð sálfræðings sækir umsjónarkennari um hana í samráði við forráðamenn barnsins. Umsóknin fer fyrir nemendaverndarráð sem tekur ákvörðun um hvort vísa eigi málinu til sálfræðings. Ávallt skal liggja fyrir samþykki forráðamanna áður en afskipti sálfræðings hefjast um málefni barnsins. Nemendur í 9. og 10. bekk mega þó óska eftir viðtali við sálfræðings án samþykkis foreldra. Sálfræðingur er einnig ráðgefandi við kennara auk þess sem hann heldur námskeið og fyrirlestra fyrir nemendahópa, foreldra og starfsfólk. Sálfræðingur situr í nemendaverndarráði.

10.3 Skólaheilsugæsla

Skólaheilsugæsla Kópavogs er á vegum Heilsugæslunnar í Kópavogi. Markmið heilsugæslu í skólum er að stuðla að því að börn fái að þroskast við þau bestu andlegu, líkamlegu og félagslegu skilyrði sem völ er á. Skólaheilsugæslan aflar upplýsinga um öll börn við upphaf skólagöngunnar varðandi heilsu og hegðun og er nauðsynlegt að skólinn og þar með talið skólahjúkrunarfræðingur fái upplýsingar um heilsu barnsins og hagi þess t.d. ef barnið er með einhverja sjúkdóma og er á lyfjum, spítaladvöl barnsins, flutninga fjölskyldunnar, skilnað foreldra og alvarleg veikindi eða missi náins ættingja því slíkt getur haft áhrif á líðan barnsins, námsgetu þess og hegðun. Verði barnið fyrir slysi í skólanum veitir hjúkrunarfræðingur eða kennarar fyrstu hjálp en haft er samband við foreldra/forráðamenn eins fljótt og auðið er. Skólaheilsugæslan sinnir almennri heilsufræðslu í öllum árgöngum og sendir fræðslufni til foreldra svokölluð H6. Skólahjúkrunarfræðingur á sæti í nemendaverndarráði. Skólahjúkrunarfræðingur er Kristín Lilja Jónsdóttir.

10.4 Námsráðgjafi

Námsráðgjafi er trúnaðarmaður nemenda og stendur vörð um félagslega og andlega velferð þeirra. Nemendur geta leitað til hans með málefni sem tengjast náminu og persónuleg mál sem þeir vilja ræða í trúnaði. Námsráðgjafi vinnur í nánú sambandi við foreldra eftir því sem við á.

Námsráðgjafi situr í nemendaverndarráði sem er formlegur starfsvettvangur þeirra er annast þjónustu við nemendur. Hann á einnig sæti í áfallateymi, forvarnarteymi og eineltisteymi skólans auk þess að sjá um tengslakannanir. Hann veitir einnig kennurum leiðsögn varðandi ákveðna nemendur.

Námsráðgjafi kennir náms- og starfsfræðslu í 10. bekk, eina kennslustund á viku. Námsráðgjafi býður öllum nemendum í 10. bekk í námsviðtal á haustönn og annað viðtal ásamt forráðamönnum á vorönn þar sem farið er yfir áhugasvið nemandans hvað varðar áframhaldandi skólagöngu.

Námsráðgjafi í 100% starfshlutfalli er Ásthildur G. Guðlaugsdóttir.

10.5 Þjónusta frá Menntasviði

Kársnesskóli nýtir þjónustu kennsluráðgjafa, atferlisráðgjafa og verkefnastjóra frá menntasviði, bæði fyrir einstaka nemendur og námshópa. Jóhann Pétur Herbertsson fjölskylduráðgjafi og Elísabet Jónsdóttir grunnskólakennari og nemi í fjölskylduráðgjöf eru með forvarnarverkefnið *Að verða betri ég* fyrir litla hópa á mið- og elsta stigi, einu sinni í viku frá ágúst fram í janúar.

11. Tómtundastarf og félagslíf

11.1 Félagsmiðstöðin EKKÓ

Í skólanum er starfrækt félagsmiðstöðin EKKÓ undir stjórn Jóhönnu Aradóttur forstöðukonu og Arons Rafns Gissurarsonar aðstoðarforstöðumanns. Gott samstarf er milli skóla og félagsmiðstöðvar þar sem starfsfólk fundar reglulega, fara sameiginlega með nemendaráð á elsta stigi og halda saman jólaball og árshátíð á elsta stigi. Forstöðumaður og stjórnendur funda hálfs mánaðarlega. Einnig eru haldin nokkur opin hús fyrir 5., 6. og 7. bekk yfir veturinn.

11.2 Félagslíf á vegum skólans

Á yngsta stigi hefst skóladagurinn þrisvar sinnum í viku með söngstund þar sem nemendur í koma saman á sal syngja undir stjórn tónmenntakennara.

Samverustundir á sal eru fyrir alla árganga á yngsta- og í 5. og 6. bekk á miðstigi nokkrum sinnum yfir veturinn. Bekkir skiptast á að sjá um skemmtiatriði.

Jólastundir eru haldnar fyrir alla bekki á síðasta degi fyrir jólaleyfi.

Vorferðir eru í öllum árgöngum þar sem kennarar skipuleggja stuttar ferðir í nágrenni Kópavogs.

Foreldrakynningar eru í 1. – 7. bekk um það bil tvisvar til þrisvar sinnum yfir veturinn, á skólatíma eða eftir skóla. Þær eru undir stjórn umsjónarkennara þar sem verkefni nemenda er kynnt, oftast í tengslum við lok á sögurömmum.

10. bekkur fer í vorferðalag sem foreldrarnir skipuleggja alfarið.

Jólaball og árshátíð er haldin fyrir nemendur á elsta stigi, og þar vinna saman starfsmenn skólans og starfsmenn EKKÓ. Árshátíð yngsta- og miðstigs er haldin daginn eftir árshátíð elsta stigs.

Skólahreysti er árleg hreystikeppni elstu nemenda í grunnskólum landsins. Kársnesskóli tekur þátt í henni og þjálfar íþróttakennari keppendur skólans. Fjölmennt klapplið fylgir keppendum á keppnisdegi.

7. bekkur tekur þátt í fótboltamóti allra skóla í Kópavogi á vordögum.

Allir nemendur taka þátt í Kársneshlaupi sem fer fram síðasta skóladag skólaársins.

11.3 Skólabúðir

7. bekkur fer ásamt umsjónarkennurum í Skólabúðir UMFÍ að Reykjum í Hrútafirði í september og dvelja þar í 4 daga. Foreldrar standa straum að kostnaði við þessar ferðir en foreldrafélagið hefur veitt styrki fyrir rútukostnaði.

9. bekkur fer með sínum umsjónarkennurum og foreldrum í fimm daga skólabúðir að Vindáshlíð í október. Sama fyrirkomulag er með kostnað og hjá 7. bekk.

12. Starfsþróun

Áætlun um starfsþróun er unnin upp úr samtölum við kennara og aðra starfsmenn, úr niðurstöðum kannana Skólapúlsins og úr umbótaáætlun skólans. Áhersluatriði í vetur eru nefnd hér:

Nám og kennsla - kennsluhættir

- leiðsagnarnám – allir kennarar
 - Nefnd sem stýrir innleiðingu sett á stofn og leiðir verkefnið
- verkefnamiðað nám, þróunarverkefni á elsta stigi
- Erasmus+ verkefni fyrir unglingahóp
- læsi og lestrarkennsla
 - rýnt í kennsluhætti á öllum stigum og þeir teknir til endurskoðunar þar sem þurfa þykir
 - utanaðkomandi fyrirlesari fyrir allan kennarahópinn
 - skólaheimsókn fyrir yngsta stig
- fjölbreyttir kennsluhættir, menntabúðir í skólum Kópavogs, allir kennarar
- fjölbreyttir kennsluhættir, innlit kennara í kennslu hjá öðrum kennurum innan skólans

Skólabragur – velferð og vellíðan nemenda

- Réttindaskóli Unicef
 - Nefnd sem stýrir innleiðingu sett á stofn og leiðir verkefnið
- Uppeldi til ábyrgðar, upprifjun

- skólastefna, ný stefna kynnt

Önnur viðfangsefni:

- mánaðarlegir fagfundir þar sem kennarar taka fyrir þau viðfangsefni sem þeim hagnast hverju sinni, allir kennarar saman á fundi
- brunavarnir; farið yfir brunavarnir í skólanum
- sálfræðingur skólans verður með hvatningar- og fræðsluerindi m.a. um líðan í starfi, áfall á vinnustað o.fl.

Auk þessa fara kennarar á fjölbreytt námskeið á vegum Kópavogsbæjar, UTÍS, menntakviku HÍ, ráðstefnur og námskeið sem þeir velja sjálfir eftir þörfum og áhugasviði.

13. Viðbragðsáætlanir

Á [heimasíðu](#) skólans er að finna áætlanir skólans og annarra viðbragsaðila, s.s. viðbragðsáætlun Slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins um röskun á skólastarfi vegna óveðurs, verklagsreglur Kópavogsbæjar þegar vaknar grunur um ofbeldi, vanrækslu eða áhættu hegðun barna í stofnunum sveitarfélagsins, reglur um notkun eftirlitsmyndavéla og rýmingaráætlun skólans við bruna, jarðskjálfta.

14. Skólaakstur/skólamáltíðir

14.1 Skólaakstur

Skólaakstur er á vegum fyrirtækisins Teitur Jónasson.

Nemendur úr Sæbólshverfi eru sóttir á Sæbólsbraut að morgni. Skólaakstur er svo til baka frá Kársnesskóla að Sæbólsbraut kl. 13:35 fyrir nemendur í 1.- 4. bekk.

14.2 Skólamáltíðir

Allur matur er matreiðdur í Vallargerði og framreiddur þar. Matreiðslumeistari er S. Sævar Pálsson og hefur hann matráða og skólaliða sér til aðstoðar í eldhúsinu. Allir nemendur geta fengið mat í boði Kópavogsbæjar en foreldrar þurfa að skrá börnin sín í gegnum [Vala.is](#).

Skólinn býður öllum nemendum upp á að fá sér hafragraut í morgunmat og nemendur á elsta stigi geta keypt sér brauð, ávexti og safa í morgunhressingu kl. 9:30.

15. Þróunarstarf

Þetta skólaár fer af stað undirbúningsvinna við innleiðingu leiðsagnarnáms og sótt verður um að vera Réttindaskóli Unicef. Kennarar og stjórnendur sitja í innleiðingarteymum.

16. Undirritun starfsáætlunar

Þessi starfsáætlun hefur verið kynnt í skólaráði og samþykkt af öllum fulltrúum.

Gert í Kópavogi 654654. 2024

Björg Baldursdóttir skólastjóri

Fulltrúi foreldra

Fulltrúi foreldra

Fulltrúi starfsmanna

Fulltrúi kennara

Fulltrúi nemenda

Fulltrúi grenndarsamfélags

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1 – Innra mat skólans

Innra mat skólans er:

Altækt: Innra mat skólans nær til allra þátta skólasamfélagsins samkvæmt skilgreiningu í nýrri aðalnámskrá. Skólapúlsinn er með ákveðnar grunnspurningar en stjórnendur skóla geta bætt við eða framkvæmt kannanir sjálfir. Mismunandi áherslur eru á hverju ári.

Áreiðanlegt: Gögn sem stuðst er við eru niðurstöður og mælingar frá Skólapúlsinum, gögn sem haldið er til haga á hverju ári er varðar nemendur, svo sem námsmat, fjarvistir og fl. Niðurstöður úr viðhorfakönnunum sem skólinn gerir á eigin vegum. Viðhorfakannanir nemenda, foreldra og starfsmanna.

Samstarfsmiðað: Skólastjórn kynnir öllum aðilum skólasamfélagsins um fyrirhugaðar kannanir. Skólastjóri er ábyrgðarmaður vinnunnar. Allir aðilar skólasamfélagsins taka þátt í könnunum og umræðum um þær.

Umbótamiðað: Niðurstöður og viðmiðmið um árangur eru kynntar hagsmunaaðilum skólasamfélagsins á ári hverju. Gerð er umbótaáætlun þar sem fram koma þættir sem þurfa úrbætur, áætlun um aðgerðir og ábyrgð.

Árangursmiðað: Í byrjun skólaárs eru niðurstöður og umbótaáætlun fyrra árs yfirfarnar og þá metið hvaða aðgerðir eru innleiddar og viðhaldið á nýju skólaári.

Stofnana og einstaklingsmiðað: Unnið er markvisst með niðurstöður úr samræmdum prófum og þar eru sett þau viðmið að 20% nemenda í hverjum árgangi séu meðal þeirra efstu á landsvísi. Mat á stjórnun og kenngslu koma fram í nemenda- og foreldrakönnunum Skólapúlsins.

Lýsandi: Í starfsáætlun skólans kemur fram lýsing á starfsemi skólans sem er í takt við markmið og hlutverk skólans.

Greinandi: Þegar niðurstöður kannana liggja fyrir í lok skólaárs er gerð styrkleika- og veikleikagreining.

Opinbert: Sjálfsmatsskýrsla hefur verð birt sérstaklega á heimsíðu skólans undir starfsáætlun. Hátt gildi á kvarðanum sýnir að viðkomandi þáttur er sterkur. Sem viðmiðunarregla er munur upp á 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur upp á 1,5 stig og meira telst mikill munur.

